

Ljósurnar, skýrsla deildar á aðalfundi LMFÍ 24. marz 2012

Starfsemi hjá deildinni „Ljósurnar“ er með svipuðu sniði og áður. Heldur fjölgar í deildinni og fyrir vorfund voru send út 218 fundarboð. Formaður LMFÍ eða starfsmaður á skrifstofunni hefur aðstoðað við að bæta á listann þeim ljósmæðrum sem verða sextugar ár hvert.

Eins og áður hefur Ljósmæðrafélagið borið kostnað af ljósritun og póstsendingum. Mjög gott hefur reynst að leita til félagsins með eitt og annað sem viðkemur starfsemi deildarinnar og starfsfólki BHM í Borgartúni er sömuleiðis hjálplegt. Þetta hefur komið sér afar vel því þessar gömlu konur í stjórn deildarinnar eru lítt tæknivæddar.

Ljósurnar halda aðalfund í október og einn almennan fund á vorin, yfirleitt í marz. Á þessum fundum hafa iðulega einhverjar fundarkonur verið með upplestur af einhverju tagi eða frásagnir og finnst okkur þetta auka gildi fundanna. Algengur mætingar fjöldi er 25. Tveir formlegir stjórnarfundir eru tvisvar á ári.

Sú hefð er komin á að fara vorferð einn dag fyrri hluta júnímánaðar. Þetta er orðið tilhlökkunarefni hjá deildinni.

Ferðanefnd skipa: Sigurborg Kristinsdóttir, Sjöfn Eyfjörð, Guðrún Davíðsdóttir, Guðrún Jónsdóttir og Guðrún Sveina Jónsdóttir. Þessar konur hafa staðið sig með þryði. Síðasta ferð var farin í Bása við Þórsmörk 8. júní 2011, þátttakendur voru 44, sem er stærsti hópur hingað til. Svo vel vildi til að rútabílstjórinn er einnig lærður fararstjóri og var hafsjór af fróðleik. Í Básunum sá ferðanefnd um veitingar, þar var grillað og borið fram tilheyrandi góðgæti. Ferðanefndin vinnur samstillt og tekur vel á málum ef frávik verða, sem stundum geta orðið. Þessi ferð var bæði fróðleg og skemmtileg.

Stjórn „Ljósanna“ er óbreytt frá fyrra ári. María Björnsdóttir formaður, Inga Elíasdóttir ritari, Anna Þorsteinsdóttir varaformaður, Ásgerður Helgadóttir og Þorgerður Pálsdóttir varamenn.

Þess má geta - þó það sé óháð starfsemi Ljósudeildar – að undanfarin 3 ár hefur 30 – 40 manna hópur eldri Ljósmæðra gert sér glaðan dag með því að fara saman út að borða í hádeginu þegar jólafasta nálgast. Þetta virðast samt vera áhrif frá tilveru deildarinnar „Ljósurnar“ sem hratt þessu af stað. Hluti ferðanefndar ber heiðurinn af þessu framtaki.

Okkar von og ósk er sú að deildin „Ljósurnar“ eigi langt og farsælt líf fyrir höndum.

13.marz 2012
María Björnsdóttir
formaður.